

# Umsögn um áform um lagasetningu - breyting á áfengislögum

Mál nr. 296/2019 Birt: 29.11.2019 í Samráðsgátt

Reykjavík 13. desember 2019



**Efni:** Umsögn IOGT á Íslandi um **áform um lagasetningu - breyting á áfengislögum** í Samráðsgátt.

**IOGT á Íslandi leggst eindregið gegn umræddum breytingum** og telur að samþykkt þeirra að hluta eða öllum leyti, muni leiða til aukinnar áfengisneyslu í landinu. Það mun auka þann vanda sem neysla áfengis veldur. Áfengi er engin venjuleg neysluvara heldur lífrænt leysiefni, eitur sem er notað sem hugbreytandi vímuefni og er fíkniefni og eiturlyf. Áfengi hefur mikla sérstöðu sem lögleg vara og fráleitt að um hana þurfi eða eigi að gilda sömu viðmið og ýmsar aðrar vörur. <sup>[2]</sup>

Bindindissamtökin IOGT vinna mikið með almenningi í grasrótastarfi, þar kemur fram mikil andúð samfélagsins á **umræddum breytingum** sem eru í algerrí mótisögn við heilbrigðisstefnu þessarar sem og fyrri ríkisstjórnna. <sup>[3]</sup> <sup>[4]</sup> **Umræddar breytingar** vinna gegn samþykktum Alþingis í málefnum barna, kvenna <sup>[5]</sup>, jafnréttis og ofbeldis ásamt Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna <sup>[6]</sup> sem er hluti íslenskra laga.

Áfengisíðnaðurinn hefur þrýst mjög og lengi á að brjóta niður áfengisforvarnir á Íslandi en ein af meginstöðum þeirra er ÁTVR, einkasala ríkisins. Nokkrir stjórnáform hafa stutt þennan eiturlyfjaiðnað og talað fjálglega um frelsi. Það er viðskiptafrelsi til að fanga sem flesta í þrælalald Bakkusar og græða sem mest á því. Almennigur hefur staðið fast á móti þessu og í skoðanakönnunum hefur 70 % landsmanna viljað halda í ÁTVR. Samt berjast þessir stjórnáform gegn lýðheilsu þjóðarinnar. Nú á að reyna að taka þetta í pörtum. Vefverslun með áfengi – ef hún á að vera leyfileg þá er best að hún fari öll fram í gegnum ÁTVR – bæði innlend og erlend. Áfengi er engin venjuleg neysluvara og öll áfengisneysla er skaðleg og áfengi framleidd í litlu brugghúsi er líka skaðlegt og óþarfi að liðka fyrir þeim skaða. Minnum á að 300 þúsund manns deyja af áfengistengdum orsökum í Evrópu á hverju ári. Það er fyrir utan allan annan skaða sem áfengisneysla veldur.

Dómsmálaráðherra með því að setja fram þessar breytingar þá vinnur hann ekki aðeins gegn markmiðum hans eigin ráðuneytis, heldur líka heilbrigðisráðherra og félagsmálaráðherra. Og fjármálaráðherra því áfengisneysla kostar þjóðina gríðarlega fjármuni. Dómsmálaráðherra vinnur gegn Barnasáttmálanum, gegn WHO - Global strategy to reduce harmful use of alcohol, gegn WHO - European action plan to reduce the harmful use of alcohol 2012–2020, gegn WHO - Global Action Plan for the Prevention and Control of NCDs 2013-2020 og gegn NDPHS Declaration on Alcohol Policy. Hjá WHO í Evrópu er stefnan að minnka áfengisneyslu í Evrópu um 10 % miðað við árið 2010 fyrir árið 2025. Á Íslandi er vaxandi áfengisneysla. Áfengisneysla skilur eftir sig stórt kolefnisfótspor og vinnur því gegn markmiðum umhverfisráðherra. Dómsmálaráðherra vinnur líka gegn forsætisráðherra, því hann ber ábyrgð á Heimsmarkmiðunum og áfengisneysla tálmar 14 af 17 meginmarkmiðunum. Dómsmálaráðherra er í andstöðu við eigin ríkisstjórn.

Í fyrri umsögnum IOGT á Íslandi sem lesa má á vef alþingis, hafa komið fram margar traustar heimildir sem eru gefnar út á ábyrgð viðurkenndra stofnana, innlendra og alþjóðlegra um vandann sem neysla áfengis veldur. Af þeim er ljóst að vandinn vegna neyslu áfengis er gífurlegur og mikilvægt að leita allra mögulegra leiða til þess að halda honum í skefjum. Umfram allt eru þær þó staðfesting og áminning um að áfengi er engin venjuleg neysluvara og eðlilegt að um hana gildi um margt annað fyrirkomulag og reglur en ýmsar aðrar vörur.

Árlega er gefin út af IOGT-NTO og the Swedish Society of Medicine rannsóknarskýrslan „Áfengi og samfélagið“ (Alcohol and Society – a Research Report) og hver skýrsla skoðar afmarkað svið neikvæðra afleiðinga áfengisneyslu og fylgja hér nokkur dæmi: **Árið 2013** var áhersla lögð á áfengisneyslu *ungmenna*. Þar má sjá að neyslan er enn of mikil sem og skaðsemin. Niðurstaðan er að mikilvægt sé að viðhalda einkaleyfi ríkis á áfengissölu, ströngum lögum varðandi ölvunarakstur og háum skatti á áfengi. <sup>[7]</sup> **Árið 2014** var áhersla lögð á skaðsemi *hófdrykkju* og sýnt fram á miklu meira tjón af slíkri drykkju en áður var talið. <sup>[8]</sup> **Árið 2015-2016** var áhersla lögð á *óbein áhrif* áfengisneyslunnar þar sem kom sterkt fram að neikvæðar afleiðingar áfengisneyslunnar er mikið samfélagsmein. <sup>[9]</sup> **Árið 2016-2017** var áhersla lögð á *krabbamein*. Þar kemur m.a. fram að nýu tegundir krabbameina eru sterklega orsakatengd áfengisneyslu og í Svíþjóð eru 4,5% krabbameinsdauðsfalla tengd áfengi. Og 30% krabbameinstífla tengd áfengi eru tengd lítilli eða miðlungs neyslu. Ekki var fjallað um aðra sjúkdóma tengdum áfengi eins og geðsjúkdóma. <sup>[10]</sup> **Árið 2017-2018** var lögð áhersla á tengsl áfengisneyslu og *ofbeldis*. Fjallað er um áhrif ofbeldis tengt áfengisneyslu og áhrif þess á heilsuna. Bent er á leiðir til að draga úr ofbeldi og er takmörkun á aðgengi snar þáttur í því. <sup>[11]</sup> **Árið 2018-2019** var lögð áhersla á áfengisneyslu eldra fólks. Þar kemur fram að áfengisneysla hefur aukist hjá eldra fólki og skaðsemi af áfengisneyslu, slys og sjúkdómar. <sup>[12]</sup>

Rannsókn var birt í hinu virta læknaritri **Lancet** haustið 2018 þar sem kemur fram að áfengisneysla er leiðandi áhættuþáttur í dauða og fötlunum og yfirhöfuð tengt við neikvæð áhrif á heilsufarsástand. Hægt er að tengja áfengisneyslu við 60 bráða og langvinna sjúkdóma. Einstaka rannsóknir hafa fundið einangraða þætti jákvæða en þessi samantekt hrekur þær. Niðurstaðan er að öll áfengisneysla er skaðleg heilsunni. <sup>[13]</sup>

Prófessor Tim Stockwell kom til landsins í september 2017 og átti fund með fulltrúum IOGT á Íslandi og stjórnvöldum ásamt fulltrúa Landlæknisebættisins. Tim sagði á ráðstefnunni að flest ríki heims ásamt alþjóðastofnunum ynnu að bættu lýðheilsu og sjálfbærnismarkmiðum og að allar tilslakanir á áfengislöggjöfinni væri óheillaskref sem hefði óafturkræf áhrif á einstaklinga og samfélag. Birt var íslensk þýðing á skýrslu sem unnin var í Svíþjóð um *hver væri ávinningur ríkisreksturs* á smásölu áfengis í Svíþjóð fyrir lýðheilsu og almannaheill. Þar er tekið saman hver væri líkleg aukning á áfengissölu með tilliti til þess að einkasala ríkisins yrði afnumin og kannað hver munurinn er á milli sérværslana og smásöluverslana. Aukningin á áfengisneyslu yrði 20.0% miðað við sölu í sérværslunum og 31.2% miðað við sölu í smásöluverslunum. <sup>[14]</sup>

Sterk tengsl eru milli áfengisneyslu og kynbundins ofbeldis. Í samþykktu þingsályktun <sup>[15]</sup> um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016–2019 er grein um samstarfsverkefni þriggja ráðherra um aðgerðir gegn ofbeldi. Markmið verkefnisins verði að bæta samvinnu og verklag við ofbeldisforvarnir og að styrkja samstarf við rannsókn ofbeldismála. Auk samvinnu milli stofnana verði rík áhersla lögð á samvinnu við frjáls félagasamtök. Að auka fræðslu- og forvarnastarf sem byggist á rannsóknum og faglegri þekkingu.

Bann við áfengisauglýsingum er ein af meginstöðum forvarna og að leyfa auglýsingar kippir henni í burt. Í frumvarpinu í 2017 (146. löggjafarþing Þingskjal 165) áttu áfengissalar og –framleiðendur að setja sjálfum sér siðareglur en í löndum þar sem slíkar reglur eru, brjóta þeir eigin reglur sífellt. Í þessu nýja frumvarpi eru ytarlegar takmarkanir á hvornig má auglýsa en hér á landi hefur sannast nú þegar, aftur og aftur að áfengisíðnaðurinn brýtur með einbeittum brotavilja landslög sem gilda um áfengisauglýsingar og hann mun líkast til halda því áfram. <sup>[16]</sup>

Vísindatímaritið *Addiction* gaf út í janúar 2017 sérútgáfu sem fjallar um áfengisauglýsingar og kemur þar skýrt fram að áfengisauglýsingar ná sannarlega til barna og ungmenna. <sup>[17]</sup>

Í mörgum áfengisauglýsingum eru konur hlutgerðar og í sumum er hreinlega ýtt undir kynbundið ofbeldi. <sup>[18]</sup>

Samfélagslegur kostnaður vegna áfengisneyslu á Íslandi hefur verið reiknaður út í meistararitgerð Ara Matthíassonar 2010 en þar skiptir hann kostnaði í beinan og óbeinan kostnað og er útkoman 50 – 80 milljarðar á ári. <sup>[19]</sup> Reiknað upp til ársins 2018 eru efri mörkin nú yfir 100 milljarðar. Þessi upphæð eykst um 30 milljarða á ári ef frumvarp verður samþykkt.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) bendir á að áfengi er stór þáttur í ósmitnæmum sjúkdómum og hvetur allar þjóðir til að draga úr áfengisneyslu. <sup>[23]</sup>

Ísland er aðili að sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. <sup>[20]</sup> Ljóst er að áfengisneysla hefur neikvæð áhrif og hindrar að minnsta kosti 14 af 17 markmiðunum og 52 af 169 undirmarkmiðum. Þetta frumvarp sem yrði til þess að auka áfengisneyslu er í hrópanði ósamræmi við gildandi samþykktir þar um. <sup>[21]</sup> Alþjóðahreyfing IOGT hefur þýtt á íslensku rit um **hvornig áfengi hefur áhrif á markmiðin og vinnur gegn sjálfbærniþróun í heiminum**. <sup>[22]</sup> Alþingismenn hafa fengið sendann bæklinginn þýddan á íslensku sem opnar augu þeirra hve gríðarleg neikvæð áhrif áfengi hefur á samfélagið.

## Hverra hagsmuna er verið að gæta?

Per Leimar, sérfræðingur IOGT í Svíþjóð um markaðssetningu áfengis, segir áfengisíðnaðurinn beita óeðlilegum þrýstingi á stjórnvöld og tekur sem dæmi afskipti Costco af atkvæðagreiðslu um áfengislög í Washington ríki í Bandaríkjunum. <sup>[24]</sup>

Í skýrslu velferðaráðherra um aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánnum samböndum. <sup>[25]</sup> kemur skýrt fram „Stjórnvöld beiti markvissri áfengisstefnu sem hafi það að markmiði að draga úr áfengisneyslu og ölvun og þar með ofbeldi sem tengist henni. Áhrifaríkustu forvarnir eru verðstýring og takmarkað aðgengi að áfengi.“

Þann 16. mars 2017 sagði Þorsteinn Víglundsson þáverandi félags og jafnréttismálaráðherra á ráðstefnu UN women í verkefni HeForShe „We strongly encourage men and boys everywhere to become agents of change.“ Þar talaði hann um að vinna skuli að jafnrétti. Aukið aðgengi að áfengi er ekki rétta leiðin til þess samkvæmt aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar og Heimsmarkmiðunum. Aukin neysla áfengis mun alltaf bitna meira á konum hvað varðar neikvæðar afleiðingar áfengisneyslunnar. <sup>[26]</sup>

Í fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um biðlista á Vogu frá Sigurði Páli Jónssyni <sup>[27]</sup> svarar heilbrigðisráðherra því að á biðlista séu 570 á Vogu, 20 á Landsspítala og 50 á Hlaðgerðarkoti. Hér er ekki rædd staða á börnum og ungmennum sem fá aðstoð annarsstaðar. Á árinu 2018 fær SÁÁ 840 milljónir. <sup>[28]</sup> Í frétt frá SÁÁ kemur fram að það dugir ekki einu sinni fyrir launakostnaði. <sup>[29]</sup> Ljóst er að með því að auka aðgengi og leyfa áfengisauglýsingar aukast neikvæðar afleiðingar áfengisneyslunnar. Það vinnur gegn lýðheilsu markmiðum. Ekki má gleyma að hér er um manneskjur að ræða. <sup>[30]</sup>

Í fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um hvort tekið sé tillit til forvarna og lýðheilsu frá Höllu Signýju Kristjánsdóttur <sup>[31]</sup> svarar heilbrigðisráðherra því til að sérstök áhersla sé lögð á forvarnir og lýðheilsu. <sup>[32]</sup>

Embætti Landlæknis gaf út í febrúar 2018 Talmabrunn <sup>[33]</sup> þar sem kemur fram að skaðlegt neyslumynstur sé árið 2017 hjá 40.000 körlum og 33.000 konum. Hér er mæld skaðleg neysla samkvæmt skilgreindum mælikvarða. Æ fleiri nýjar rannsóknir benda til þess að hvers kyns neysla sé skaðleg að einhverju leyti sbr. hjarta, æðarsjúkdómar og krabbamein.

IOGT á Íslandi er hluti af stærstu forvarnasamtökum heims. Meirihluti íbúa heimsins notar ekki áfengi, kannabis eða önnur vímuefni. Yfir 62% heimsbyggðarinnar notar ekki áfengi og er það markmið IOGT að draga sem mest úr neikvæðum afleiðingum neyslu áfengis

og annarra vímuefna. Við teljum að áfengis og vímuefnastefnan á hverjum tíma eigi að þjóna heildarhagsmunum samfélagsins og byggja á traustum rannsóknum. Áfengismál og önnur vímuefnamál eru veigamikill málaflokkur og mikið í húfi að stefnumörkun sem þau varðar séu byggð á niðurstöðum rannsókna og forðast ber stefnumótun sem byggist á einföldun, vanþekkingu og úrræðum sem ekki skila árangri eða vinna gegn heilsu einstaklinga og samfélags. Þess vegna á almenningur rétt á að stefna um áfengi og önnur vímuefni sé vel ígrunduð, unnin af vandvirkni og farið varlega í breytingar á aðgengi. Kostnaðurinn við að hefta aðgang að kannabis er lítil miðað við þann kostnað sem hlýst af neyslu. Áfengis og vímuefnastefna okkar er sterk og horfa mörg ríki heims til hennar sem góðrar fyrirmyndar. Ef áfengisíðnaðinum tekst að veikja hana á Íslandi mun hann nota það til að veikja forvarnir í öðrum löndum. IOGT á Íslandi hefur sent inn umsögn um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. IOGT á Íslandi hefur frá stofnun unnið að því líkum markmiðum og telur að stysta leiðin til að ná þeim sé að draga úr áfengisneyslu.

## Fyrir hönd Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi

Björn Sævar Einarsson Formaður

Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri

- [1] [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1555](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1555)
- [2] [http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi\\_engin\\_venjuleg.pdf](http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi_engin_venjuleg.pdf)
- [3] <https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>
- [4] <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a5aa63d9-d5b4-11e7-9422-005056bc530c>
- [5] <https://www.unric.org/is/frettir/27159-sameinueu-tjoenum-ber-ae-vera-oerum-fyrirmynd>
- [6] <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>
- [7] <http://iogt.se/wp-content/uploads/forskningsrapport-eng-20131.pdf>
- [8] <http://iogt.se/wp-content/uploads/Alkoholrapport-2014-ENG.pdf>
- [9] [http://iogt.se/wp-content/uploads/Alcohol\\_and\\_society2015\\_en.pdf](http://iogt.se/wp-content/uploads/Alcohol_and_society2015_en.pdf)
- [10] <http://iogt.se/wp-content/uploads/Alkoholrapport-2016-2017-Engelska1.pdf>
- [11] [http://iogt.se/wp-content/uploads/IOGT-3300-Rapport\\_ENG.pdf](http://iogt.se/wp-content/uploads/IOGT-3300-Rapport_ENG.pdf)
- [12] <https://iogt.se/wp-content/uploads/Report-Alcohol-and-older-people-1.pdf>
- [13] [https://www.thelancet.com/journals/lancet/article/PIIS0140-6736\(18\)31310-2/fulltext](https://www.thelancet.com/journals/lancet/article/PIIS0140-6736(18)31310-2/fulltext)
- [14] [https://issuu.com/fraedslaogforvarnir/docs/systembolaget\\_study\\_2017\\_icelandic](https://issuu.com/fraedslaogforvarnir/docs/systembolaget_study_2017_icelandic)
- [15] <http://www.althingi.is/altext/145/s/1640.html>
- [16] <http://www.althingi.is/lagas/146a/1998075.html>
- [17] <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/add.v112.S1/issuetoc>
- [18] <http://www.bigalcohol.exposed/#marketing>
- [19] <https://saa.is/wp-content/uploads/2015/03/ritgerd-ara-matthiassonar.pdf>
- [20] <https://www.unric.org/is/component/content/article/62-januar-2015/26384-17-sjalfbaer-trounarmarkmie>
- [21] <http://iogt.is/wp-content/uploads/2019/05/%C3%81fengi-og-Heimsmarkmi%C3%B0in-SDG-22-ma%C3%AD-2019-B%C3%A6klingur.pdf>
- [22] <http://iogt.is/2019/05/23/afengi-og-heimsmarkmid-sjalfbaerrar-throunar/>
- [23] <http://www.who.int/mediacentre/news/releases/2018/world-leaders-ncds/en/>
- [24] <http://www.jsad.com/doi/full/10.15288/jsad.2016.77.577>
- [25] <http://www.althingi.is/altext/139/s/pdf/1214.pdf>
- [26] <https://heforshe.is/barbershop-verkfaerakistan-kynnt-hofudstodvum-sameinudu-thjodanna/>
- [27] <http://www.althingi.is/altext/148/s/0172.html>
- [28] <http://www.althingi.is/altext/148/s/0300.html>
- [29] <https://saa.is/grein/framlog-rikisins-duga-ekki-fyrir-launum/>
- [30] <https://www.unric.org/is/frettir/27157-aeins-sjoetti-hver-fikill-hefur-aegang-ae-meefere>
- [31] <http://www.althingi.is/altext/148/s/0275.html>
- [32] <http://www.althingi.is/altext/raeda/148/rad20180226T172757.html>
- [33] <https://www.landlaeknir.is/utgefid-efni/skjal/item34462/>

[https://www.who.int/substance\\_abuse/activities/gsrhua/en/](https://www.who.int/substance_abuse/activities/gsrhua/en/)

<http://www.euro.who.int/en/health-topics/disease-prevention/alcohol-use/publications/2012/european-action-plan-to-reduce-the-harmful-use-of-alcohol-20122021>

[https://www.who.int/nmh/events/ncd\\_action\\_plan/en/](https://www.who.int/nmh/events/ncd_action_plan/en/)

[https://www.ndphs.org/documents/5751/NDPHS\\_Declaration\\_on\\_Alcohol\\_Policy.pdf](https://www.ndphs.org/documents/5751/NDPHS_Declaration_on_Alcohol_Policy.pdf)